

## 7. Frumvarp

til laga um gengisviðauka.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% viðauka tolla af alls konar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41, 27. júní 1921), gosdrykkjum alls konar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, tegrasi svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast  $\frac{1}{2}$  eyrir eða hærra brot, sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að hagur ríkissjóðs leyfir ekki enn að fella niður gengisviðaukann, fer frumvarp þetta fram á að framlengja hann. Þykir þó nauðsyn að fella hann niður á kaffi og sykri.